



Reykjavík, 4. október 2019

## **Efni: Frumvarp til fjárlaga 2020**

Vísað er til fyrirbyggjandi frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2020. Með umsögn þessari vilja Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) koma á framfæri nokkrum athugasemdum við frumvarpið.

Að mati SFS er nauðsynlegt að tryggja samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og fiskeldis. Íslensk fyrirtæki selja nánast allar afurðir sínar á alþjóðlegum mörkuðum þar sem hörð samkeppni ríkir. Afar mikilvægt er að tryggja samkeppnishæfni svo íslensk sjávarútvegs- og fiskeldisfyrirtæki hafi svigrúm til þess að auka verðmætasköpun til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag. Slíkt verður ekki gert með því að skattleggja atvinnugreinarnar umfram það sem þekkest í öðrum löndum. Hér má til dæmis nefna, kostnað við eftirlitsmenn um borð í fiskiskipum, kolefnisgjald, aflagjald, stimpilgjald, herra tryggingagjald vegna sjómanna og síðast en ekki síst veiðigjald og gjaldtaka af fiskeldi.

Þetta er sérstaklega athugasvert í því ljósi að í fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024 kemur fram að framtíðarsýn stjórnvalda í málaflokknum sjávarútvegur og fiskeldi er „að sjávarútvegur og fiskeldisafurðir séu í fremstu röð á alþjóðlegum mörkuðum. Greinarnar byggist á sjálfbærri auðlindanýtingu og bestu vísindalegri þekkingu þannig að þær geti áfram staðið að nýsköpun og vöruþróun til að tryggja samkeppnishæfni og auka virði afurða.“ Þá segir að meginmarkmið málefnasviðsins “er að stjórn fiskveiða og fiskeldis sé sjálfbær og skilvirk og rekstrarumhverfi greinanna hagkvæmt, fyrirsjáanlegt og stuðli að aukinni verðmætasköpun”.

SFS taka undir fyrrgreint. Að mati samtakanna verður þessari framtíðarsýn og markmiðum hins vegar ekki náð nema gætt verði að samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og fiskeldis. Jafnframt þarf að tryggja að viðeigandi stofnanir hafi fjármagn til vandaðra rannsókna. Auk þess að vera forsenda sjálfbærrar nýtingar á fiskistofnum mynda hafrannsóknir nauðsynlegan grunn að upplýsingum og kynningu á sjávarútvegi á erlendum mörkuðum, sem stuðlar að samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar.

### ***Fjárlagaliður 13 er viðkemur sjávarútvegi***

Miðað við þarfir sjávarútvegsins má segja að starfsemi Hafrannsóknastofnunar sé komin í öngstræti. Hafa ber í huga að nýting sjávarauðlinda og tækifæri til sölu afurða á bestu útflutningsmörkuðum gera miklar kröfur til hafrannsókna og vísinda í heimi nútímans. Viðvarandi fjárskortur og mannekla hefur, það sem af er þessari öld, leitt til

samfellds samdráttar í rannsóknum á sviði vistfræði og haffræði og skyldra greina, en vöktun á nytjastofnum hefur eðlilega haft forgang að fjármunum.

Engu að síður er það þó svo, að verulega vantar einnig upp á að vöktun á nytjastofnum sé sinnt sem skyldi. Það er nýjast í þessum efnum, að ekki var farið í rækjurall árið 2019 vegna fjárskorts, en rækjurall er sú stofnmæling og vöktun sem ráðgjöf um úthafs-rækjuveiðar hefur einkum byggst á í áratugi. Jafnframt ber að nefna að rannsóknir á nýtingu fjölmargra minni fiskistofna hafa ekki verið stundaðar með ásættanlegum hætti. Er þetta auðvitað bagalegt. Hér er því nauðsyn að gerð verði bragarbót með myndarlegri eflingu hafrannsóknna.

Á sama tímabili hafa umhverfisaðstæður á Íslandsmiðum breyst með þeim hætti að streymi hlýsjávar kringum landið hefur þungst hlutfallslega og nú teygir hlýsjávarsvæðið sig langt norður og vestur fyrir landið þar sem áður var kaldari sjór. Þessi breyting hefur haft víðtækar afleiðingar fyrir lífríkið, t.d. á útbreiðslu loðnu, ýsu og fleiri tegunda til norðurs, auk þess sem þekkt sambönd, sem áður höfðu verið metin, þarfnast nú endurmats við breyttar aðstæður. Á sama tíma hafa stórir nytjastofnar uppsjávarfiska gengið inn á Íslandsmið; síld, kolmunni og makrill. Þessar aðstæður auka þörf á verulega auknum rannsóknum af ýmsum ástæðum, bæði tengdum samningum um hlut Íslands úr viðkomandi stofnum og þörfum vegna stofnmats og rannsókna á áhrifum þessara fiska á fæðuvefinn og vistkerfin á svæðinu – sem aftur gerir auknar kröfur um dýrt úthald rannsóknarskipa. Sömu sjónarmið eiga við um loðnurannsóknir og loðnumælingar alveg sérstaklega, eins og glögglega hefur komið í ljós á undanförunum árum, og aldrei skýrar en veturinn 2019 þegar loðnuútgerðir stóðu sjálfar að og kostuðu að verulegu leiti loðnuleit og loðnumælingu í samstarfi við Hafrannsóknastofnun.

Mikilvægt er að því sé fylgt eftir að fjárveitingar ætlaðar til tiltekinna rannsóknarverkefna, svo sem eins og til kortlagningar hafsbotsins og til loðnurannsóknna, séu í raun nýttar í þau verkefni, en á því vill verða misbrestur t.d. vegna almenns aðhalds.

Til viðbótar má nefna alþjóðlegar kröfur almennt um varúðarleit við stjórn fiskveiða og vistkerfisnálgun við stjórn fiskveiða. Á báðum þessum sviðum vantar talsvert upp á að brýnni rannsókn- og kynningarþörf sé mætt. Hér má nefna sérstaklega afmörkun verndarsvæða auk mats á stofnstærðum sjófugla og sjávarspendýra og áhrifum meðafla við fiskveiðar á slíka stofna. Aukinheldur vantar verulega upp á að tengsl hafrannsóknna og ábyrgrar fiskveiðistjórnunar séu kynnt með viðunandi hætti á erlendum tungumálum, einkum á netinu. Vöntun á miðlun slíkra upplýsinga hefur leitt til ýmissa ranghugmynda þegar gerðar eru samantektir og samanburður á frammistöðu einstakra fiskveiðiþjóða í þessum efnum. Orðspor Íslands á þessu sviði hlýtur skaða af, sem aftur getur haft áhrif á stöðu afurða okkar á helstu útflutningsmörkuðum. Þetta atriði snýr bæði að ráðuneyti sjávarútvegsmála og stofnunum þess.

Í frumvarpstextanum kemur fram að ætlaðar eru „...600 m.kr. í byggingu nýs hafrannsóknaskips sem mun efla grunnrannsóknir til muna.“ Í þessu samhengi er



rétt að benda á, að í ár var rannsóknarskipið Árni Friðriksson leigt til verkefna erlendis um tíma til að laga rekstur ársins. Ef skipin eru nýtt með þessu móti verður ekki mikið úr eflingu rannsókna. Hér þarf að bæta úr.


SFS telja það vera hlutverk ríkisins að fjármagna starfsemi þessara stofnana án þess að varpa kostnaði vegna þjónustu og eftirlits yfir á atvinnugreinina í formi sérstakrar gjaldtöku, sbr. lög nr. 36/1992 um Fiskistofu. Hér skal einnig bent á það sem fram kemur í lögum um veiðigjald nr. 74/2012, 2. gr.: „Veiðigjöld eru lögð á í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu...“ Hér er beinlínis kveðið á um að veiðigjaldi er ætlað að mæta þessum kostnaði og því ótækt að verið sé að innheimta sérstaklega fyrir þá þjónustu sem sjávarútvegurinn sækir til stofnana ríkisins sem sinna þjónustu við sjávarútveginn.

SFS gera jafnframt athugasemd við það fyrirkomulag sem viðhaft er við fjármögnun á svokölluðu marsralli, haustralli og netaralli þar sem greitt er fyrir rannsóknir með aflaheimildum. Framhjáataka af þessu tagi er óeðlileg og skaðleg á ýmsa lund og felur í sér sóun og freistnivanda fyrir ríkisvaldið. Fjármögnun vöktunarrannsókna á ekki að vera með öðrum hætti en við á um aðrar rannsóknir.

### Tekjur A-hluta 114.1.4.1 stimpilgjald

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 138/2013 um stimpilgjald, skal greiða í ríkissjóð sérstakt gjald, stimpilgjald, af þeim skjölum sem gjaldskyld eru samkvæmt lögnum. Í fyrri málslið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur fram að greiða skuli stimpilgjald af skjölum er varða eignaryfirfærslu skipa yfir 5 brúttótonnum sem skrásett eru hér á landi, svo sem afsölum, kaupsamningum og gjafagerningum. Af eignaryfirfærslum skipa er gjaldhlutfallið 1,6% ef rétthafi er lögaðili.

Það er mat samtakanna að mikilvægt sé að átta sig á því að skip eru ekkert annað en atvinnutæki þeirra sem þau nota. Með því að fara fram á háa greiðslu stimpilgjalda vegna skipa sem eru yfir 5 brúttótonnum á sér stað mismunun eftir atvinnugreinum, enda ljóst að aðrir lögaðilar sem notast þurfa við tæki á borð við flugvélar, rútur, vinnuvélar eða önnur stórvirk atvinnutæki er ekki skylt að greiða stimpilgjöld.



Á árunum 2008 til 2017 greiddu sjávarútvegsfyrirtæki rúmlega 1,2 milljarða króna í stimpilgjald vegna fiskiskipa. Þetta er 95% þeirrar upphæðar sem greidd var í stimpilgjöld vegna atvinnutækja enda eru skip yfir 5 brúttótonn eina atvinnutækið ber slíkt gjald, eins og áður segir. Jafnframt ber að nefna að fyrirtæki í útgerð sem hafa áhuga á að endurnýja sinn skipakost, þurfa ekki aðeins að greiða 1,6% stimpilgjald heldur verður það 3,2% af verðmæti viðskiptanna sem fer í stimpilgjöld. Þannig þurfa fyrirtækin jafnan að greiða bæði gjaldið við sölu eldra skips og síðan aftur við kaup á nýju skipi og því verður álagningin í raun tvöföld við endurnýjun skipastóls.

Í nágrannalöndunum takmarkast umræddur skattur almennt við fasteignaviðskipti, sbr. meðal annars skýrslu starfshóps á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins um endurskoðun á lögum um stimpilgjald (2013). Norskur sjávarútvegur er einn helsti samkeppnisaðili íslensks sjávarútvegs, en í Noregi er stimpilgjald einungis lagt á við eignaryfirfærslur á fasteignum. Sem dæmi má nefna að íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki sem er að endurnýja skip og selur eldra skip til Noregs getur þurft að greiða tugi milljóna króna í stimpilgjald vegna viðskiptanna, á meðan norska útgerðin þarf einungis að greiða sem samsvarar 100 þúsund íslenskum krónum í skráningargjald í Noregi.

Í Svíþjóð er einungis lagt stimpilgjald á eignaryfirfærslur fasteigna og lóðarleiguréttinda. Í Danmörku hefur stimpilgjald að mestu leyti verið fellt niður. Þess í stað er innheimt svokallað skráningargjald. Vegna eignaryfirfærslu fiskiskipa frá erlendri útgerð til danskrar útgerðar skal greiða 0,4% skráningargjald af verðmæti. Vegna veðréttinda í skipi skal greiða 0,1% af hinni veðsettu upphæð þegar um er að ræða skip sem ekki eru nýtt til frístunda. Líkt og áður var vikið að er gjaldhlutfallið hér á landi verulega hærra eða 1,6% í tilviki lögaðila. Í Finnlandi er ekki eignaryfirfærsluskattur er varðar skip.


Í þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar kemur fram að fjármálaráðherra muni leggja fram frumvarp um að stimpilgjald verði afnumið af skjölum er varða eignaryfirfærslu á skipum yfir 5 brúttótonnum. Með hliðsjón af ofangreindri umfjöllun er slík aðgerð nauðsynleg og löngu tímabær. Með henni er verið að fjarlægja hindrun úr vegi atvinnugreinarinnar til fjárfestingar og endurnýjunar á fiskiskipaflotanum. Slíkar fjárfestingar eru nauðsynlegar og þær styrkja stöðu atvinnugreinarinnar í alþjóðlegri samkeppni og leiða til umhverfisvænni skipakosts sem er ein af lykiláskorunum atvinnugreina um allan heim í dag.

#### **Tekjur A-hluta 114.2.2.4 kolefnisgjald**

SFS telja jákvætt og sjálfsagt að umhverfismál skipi veglegan sess í áherslum ríkisstjórnarinnar. Í fjárlagafrumvarpinu segir að grænum sköttum, sem kolefnisgjald á eldsneyti flokkast undir, sé ekki ætlað að vera tekjuskapandi fyrir ríkissjóð til frambúðar, enda sé markmið þeirra að tekjustofninn gefi eftir með breyttri hegðun sem leiðir af sér bætt umhverfi og loftslag. Slíkir hvatar geta verið jákvæðir ef markmiðið er raunhæft og leiðir til árangurs á fljótan og hagkvæman hátt. Slíkt er ekki upp á teningnum með kolefnisgjaldi á íslenska fiskiskipaflotann og í raun er hægt að fullyrða að gjaldið hafi þveröfug áhrif.



Þegar 10% hækkun kolefnisgjaldsins tekur gildi þann 1. janúar 2020 mun gjaldið hafa fjórfaldast frá því að það var fyrst lagt á árið 2010. Að mati SFS er þessi hækkun úr öllu hófi og til samanburðar má nefna að hún er nífalt hraðari en sem nemur hækkun verðlags á sama tímabili, sé tekið mið af þróun vísitölu neysluverðs.



\* Í september 2019 hafði vísitala neysluverðs (VNV) hækkað um 32% frá janúar 2010. Sé spá Seðlabankans um þróun VNV lögð til grundvallar um þróun hennar á næstu mánuðum mun VNV hafa hækkað um 33% í árslok 2019 frá janúar 2010..

Heimild: Alþingi, Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands


Ofangreind hækkun á kolefnisgjaldi hefur veruleg áhrif á afkomu sjávarútvegsfyrirtækja, enda er olíukostnaður annar stærsti kostnaðarliður í rekstri þeirra.

Stjórnvöld hljóta að horfa til samkeppnisstöðu útflutningsfyrirtækja og hafa það að leiðarljósi að ekki sé verið að leggja þyngri byrðar á þau en samkeppnisfyrirtæki í öðrum löndum. Útflutningsfyrirtæki geta ekki velt slíkri álagningu eða hækkun út í verð afurða sinna, líkt og fyrirtæki í samkeppni innanlands geta gert. Helstu samkeppnisaðilar íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja þurfa ekki að búa við slík skilyrði. Fiskiskipafлотinn í flestum ríkjum Evrópusambandsins nýtur raunar undanþágu frá eldsneytissköttum. Eitt helsta samkeppnisland íslensks sjávarútvegs er Noregur. Þar er kolefnisgjald að hluta til endurgreitt, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, til þess að rétta af samkeppnisstöðu útgerða.

Frá því að kolefnisgjaldið var fyrst lagt á eldsneyti hafa sjávarútvegsfyrirtæki greitt ríflega 10 milljarða króna í kolefnisgjald. Þessi fjárhæð er rúmlega 35% af því sem kolefnisgjaldið hefur skilað ríkissjóði í tekjur á tímabilinu. Það má teljast verulega hátt hlutfall og þá ekki síst í ljósi þess að hlutdeild sjávarútvegs í olíunotkun hérlendis var að jafnaði 20% á sama tímabili.



### Tekjur ríkissjóðs af kolefnisgjaldi Í milljónum króna á verðlagi hvers ár



\*Kolefnisgjald í sjávarútvegi 2019/20 er áætlað með því að framreikna gjaldið árið 2018 m.v. 10% hækkun þess hvort árið  
Heimild: Flutningsjöfnunarsjóður oliuvara, Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020 og Ríkisreikningur 2010 til 2018

Markmið kolefnisgjaldsins er að hvetja til orkusparnaðar, notkunar vistvænni ökutækja, minni losunar á gróðurhúsalofttegundum og aukinnar notkunar á innlendum orkugjöfum. Miðað við ofangreinda umfjöllun er nokkuð ljóst að kolefnisgjaldið hefur þveröfug áhrif á íslensk sjávarútvegsfyrirtæki þar sem það eykur kostnað þeirra umfram það sem erlendir samkeppnisaðilar búa við. Það dregur úr samkeppnishæfni, rýrir afkomu og þar með svigrúm fyrirtækjanna til fjárfestinga. Ef fyrirtækin hafa ekki nægjanlegt svigrúm til þess að fjárfesta, eins og til dæmis að skipta eldri skipum út fyrir nýrri, sparneytnari og afkastameiri skip, eða í öðrum orkusparandi búnaði, er þeim gert erfitt fyrir að draga úr losun koltvísýrings. Þetta ætti að vera augljóst. Er því hægt að fullyrða að álagning kolefnisgjalds á eldsneyti sjávarútvegsfyrirtækja sé ekkert annað en tekjuöflun fyrir ríkissjóð og að skatturinn sé síst í þágu loftslagsmála.

Með vísan til þessa leggja samtökin til að a) hækkun kolefnisgjalds nú um áramótin verði endurskoðuð og b) sjávarútvegur, ásamt öðrum útflutningsgreinum, verði undanþeginn greiðslu kolefnisgjalds og c) stjórnvöld gangi til viðræðna við fyrirtæki í sjávarútvegi um hvernig kolefnisjafna megi íslenskan sjávarútveg, án þess að draga úr samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar.

#### **Tekjur A-hluta 112.1 markaðsgjald og fjárlagaliður 4 utanríkismál**

Áætlaðar tekjur af markaðsgjaldi fyrir árið 2020 eru 842 m.kr, en lög gera ráð fyrir að sú fjárhæð renni til starfsemi Íslandsstofu.

SFS telja að samstarfsverkefni þar sem atvinnulífið og stjórnvöld vinna saman að bættri stöðu íslensks sjávarfangs á erlendum mörkuðum geti styrkt samkeppnisstöðu og skapað mikinn ávinning fyrir þjóðarbúið. Ráðist hefur verið í minni afmörkuð verkefni sem hafa skilað ákveðnum árangri, en hingað til hefur fjármögnun Íslandsstofu ekki verið með þeim hætti að hægt hafi verið að fara í víðtæka og sameiginlega markaðssetningu á íslenskum fiski til neytenda á helstu mörkuðum. Sambærilegum markaðsverkefnum á vettvangi Íslandsstofu hefur verið hleypt af stokkunum fyrir aðrar atvinnugreinar, og þá einkum fyrir ferðaþjónustu, svo sem Inspired by Iceland, Iceland Naturally, en einnig fyrir landbúnað með verkefninu



Horses of Iceland. Eru þetta dæmi um verkefni þar sem fjármögnun í markaðssókn er skipt á milli atvinnulífs og stjórnvalda.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi aukinna útflutningaverðmæta, þannig að tryggja megi hagvöxt til framtíðar. Ábyrgð á því að skapa slík verðmæti er sameiginlega á herðum stjórnvalda og atvinnulífs. SFS telja því mikilvægt að fjárveiting til Íslandsstofu fari í samstarfsverkefni með sjávarútvegi, líkt og á við um aðrar útflutningsgreinar, og að slíkt samstarf myndi gefa ríkulega af sér fyrir alla hlutaðeigandi. Þá verður ekki framhjá því litið að mikil samlegðaráhrif geta legið í markaðssetningu ólíkra atvinnugreina. Aukin vitund um gæði og hreinleika íslenskra sjávarvafurða mun þannig styðja við aukinn áhuga ferðamanna á að sækja Ísland heim og vekja athygli erlendra matvælaframleiðenda á framúrskarandi tækni í íslenskum sjávarútvegi sem byggir á íslensku hugviti. Fjölbreytni og samlegð verkefna í vinnu Íslandsstofu, munu því stuðla að því að hún geti betur sinnt því hlutverki sínu að auka útflutningstekjur og hagvöxt með því að markaðssetja íslenskar vörur og þjónustu erlendis.

Til viðbótar markaðsgjaldinu eru lagðar til töluverðar fjárhæðir í formi ríkisframlaga til markaðssetningar á ferðaþjónustu. Þannig fékk Íslandsstofa 214 m.kr. í ríkisframlög með þjónustusamningum árið 2018. Hér er um rekstrarframlag að ræða til ferðaþjónustu, en því til viðbótar bættust við framlög til verkefna á borð við Inspired by Iceland og Iceland Naturally. Í kafla 14 í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að stefnt sé að því að auka framlög árið 2020 enn frekar. Þar segir: „Til að bregðast við fækkun ferðamanna verður kynningarstarf erlendis í þágu ferðaþjónustu eftt í samvinnu við Íslandsstofu“. SFS telja jákvætt að markaðssetja Ísland sem ferðamannastað og telja aukna vitund um Ísland sem áfangastað jákvæðan fyrir íslenskar vörur. SFS telja jafnframt að töluverð samlegðaráhrif séu í því að markaðssetja landið sem ferðamannastað og að markaðssetja íslenskar vörur. SFS benda á að sjávarafurðir eru stærsti og þekktasti liðurinn í vöruútflutningi Íslendinga og telja mikil tækifæri liggja í því að viðhafa svipað fyrirkomulag við markaðssetningu á sjávarafurðum og í ferðaþjónustu. Slíkt verkefni myndi einnig styðja við jákvæða ímynd íslenskrar ferðaþjónustu og styðja við vitund og viðhorf til annarra íslenskra matvæla og sérhæfðra afurða.

SFS telja því sjálfsagt og eðlilegt í þessu samhengi að sjávarútvegur verði jafnsettur ferðaþjónustu hvað varðar fjárframlög ríkisins til markaðssóknar og geti með því móti einnig nýtt sér sambærilegan skerf af vinnuframlagi Íslandsstofu á sviði markaðsmála og ferðaþjónustan hefur gert undanfarin ár.

### ***Tekjur A-hluti 141.5.22 gjaldtaka v. fiskeldis og fjárlagaliður 13 er viðkemur fiskeldi***


Á 149. löggjafarþingi voru samþykkt ný lög og breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi, auk þess voru samþykkt lög um gjaldtöku vegna fiskeldis í sjó. Eins og fram hefur komið í umsögnum SFS eru möguleikar til atvinnuuppbygginga á fiskeldi talsverðir ef rétt er staðið að málum.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á nýsamþykkt gjaldtaka að skila 133,8 m.kr. til ríkissjóðs. Eins og samtökin hafa bent á er þetta einn af þeim liðum sem skekkir



samkeppnishæfni fiskeldis. Þess má geta að Norðmenn voru búnir að stunda arðbært fiskeldi í um 40 ár áður en umræða um auðlindaskatt hófst þar í landi. Færeyingar lögfestu ekki auðlindaskatt fyrr en framleiðslan þar í landi var komin í rúm 50.000 tonn á ári. Í Færeyjum eru aðstæður til laxeldis einkar ákjósanlegar og er framleiðslukostnaður á eldisafurðum þar einn sá lægsti í heiminum.

Uppbygging eldisstöðva er kostnaðarsöm og tímafrek. Þannig getur langur tími liðið frá því sótt er um rekstrarleyfi og þar til tekjur geta myndast í starfseminni, sem geta þá staðið undir greiðslu gjaldsins.



\* Umhverfismat tekur allt að 4 ár.

Eins og sést hér að ofan getur það tekið 8 ár að nýta leyfið. Einnig verður að hafa í huga að eftir að framleiðsla hefst geta margvíslegar ástæður ráðið því að hún er undir leyfðu hámarki. Að mati samtakanna var ekki æskilegt að leggja af stað með gjalddöku á atvinnugrein sem er í mótun og uppbyggingu, bæði lagalega og rekstrarlega, þetta lýsir ákveðinni skammsýni í umræddir gjalddöku.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi eru fjárframlög vegna fiskeldis aukin um 175 m.kr. sem má skipta upp í fjóra flokka:

- Endurskoðun á umgjörð stjórnýslu, heilbrigðiseftirlits er við kemur fiskeldi. Fjárheimild til málaflokksins er aukin um 90 m.kr. vegna breytinga á lögum er varða fiskeldi.
- Endurskoðun áhættumats, eldissvæða, burðarþols og rannsókna er lúta að fiskeldi í samræmi við nýlega samþykkt lög í málaflokknum. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 13,0 m.kr. vegna breytinga á lögum er varða fiskeldi.
- Próa gagnagrunna og rafrænar lausnir. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 42 m.kr. vegna breytinga á lögum er varða fiskeldi, þar af eru 13 m.kr. stofnkostnaður á árinu 2020.
- Efling stjórnýslu fiskeldis. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 30 m.kr. vegna breytinga á lögum er varða fiskeldi, sbr. markmið nr. 2, þar af eru 10 m.kr. stofnkostnaður. Efling stjórnýslu fiskeldis.

Mikill vöxtur hefur verið í fiskeldi á Íslandi síðastliðin ár og hefur framleiðsla aukist jafnt og þétt. Í slíkum vexti er eðli máls samkvæmt eðlilegt að framlög til uppbyggingar stjórnýslu og vöktunar séu aukin. Þá var einn megin tilgangur nýrrar gjalddöku að tryggja ríkissjóði beint endurgjald vegna nýtingar hafsvæða í íslenskrri lögsögu sem geti jafnframt staðið móti kostnaði ríkisins við stjórnýslu. Engu að síður verður ekki ráðið af frumvarpinu með hvaða hætti fjárheimildirnar muni styrkja málaflokkinn. Þannig er t.d. óljóst hvaða endurskoðun sé fyrirhuguð er varðar umgjörð stjórnýslu heilbrigðiseftirlits og einnig hvernig staðið skuli að eflingu stjórnýslu fiskeldis.



\* \* \*

Er framangreindum athugasemdum SFS hér með komið á framfæri við fjárlaganefnd Alþingis.

SFS áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdir á síðar stigum.

Virðingarfyllst,

f.h. SFS



---

Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri

